

Umsögn dómnefndar

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um tvö embætti dómara og tvö embætti
varadómara við Endurupptökudóm sem auglýst voru laus til
umsóknar í Lögbirtingablaði 18. september 2020**

Reykjavík, 15. janúar 2021

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	8
5. Mat á umsækjendum	18
5.1. Menntun, aðalstörf og helstu aukastörf	18
5.2. Mat á hæfni umsækjenda með tilliti til þess hvort þeir komi til greina að teljast hæfastir til þess að hljóta embætti dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm 25	
6. Frekara mat á hæfni sex umsækjenda	28
6.1. Menntun og framhaldsmenntun	28
6.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	28
6.2. Reynsla af dómstörfum	28
6.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	29
6.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	29
6.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður	31
6.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum	32
6.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	34
6.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	35
6.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf	35
6.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	36
6.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.	37
6.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður	38
6.6. Reynsla af stjórnun	38
6.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður	39
6.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	40

6.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	42
6.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	43
6.9. Sérstök starfshæfni.....	43
6.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	44
6.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirætlum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu	44
7. Niðurstaða dómnefndar	45

1. Umsækjendur

Með bréfi 13. október 2020 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti dómenda og tvö embætti varadómenda við Endurupptökudóm sem auglýst voru laus til umsóknar 18. september 2020 í Lögbirtingablaði.

Umsækjendur um embættin voru upphaflega 17, en tveir þeirra drógu umsóknir sínar til baka.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni

til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi ráðherra dómsmála og mannréttinda setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Samkvæmt reglum nr. 970/2020, sem öðluðust gildi 7. október 2020 og leystu fyrrgreindar reglur af hólmi, er í 4. gr. fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, svo sem reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi

reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaðkvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. töluliðar 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Þá sé með fjölbreyttri starfsreynslu átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefni, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði.

Í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar frá 19. maí 2017 um hæfni umsækjenda um fimmtán embætti landsréttardómara. Í dómunum fann Hæstiréttur að því að í umsögn sinni hafi nefndin ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dóma. Samkvæmt þessu skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Eiríkur Tómasson, Kristín Benediktsdóttir, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir ákveðið að víkja sæti í dómnefnd. Þá hefur varamaður Eiríks, Áslaug Árnadóttir, og varamaður Helgu Melkorku, Sigríður Þorgeirsdóttir, ákveðið að víkja sæti í nefndinni. Hefur varamaður Kristínar, Skúli Magnússon, tekið sæti hennar og varamaður Ragnheiðar, Halldór Halldórsson, komið í hennar stað. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 14. október 2020 var Helgi I. Jónsson, að tilnefningu Hæstaréttar, settur ad hoc til að taka sæti formanns dómnefndar. Þá var Ari Karlsson settur 26. nóvember 2020 ad hoc, eftir tilnefningu Alþingis sama dag, til að taka sæti í nefndinni.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 13. október 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Vegna þess að breytingar urðu á skipan nefndarinnar eftir þann tíma, Alþingi tilnefndi ekki fulltrúa í henni fyrr en 26. nóvember 2020 og hún kom fyrst saman fullskipuð á fundi 8. desember 2020, reiknast sex vikna afgreiðslufrestur hennar skv. 1. mgr. 10. gr. reglna nr. 970/2020 frá þeim degi til 19. janúar 2021. Í 2. mgr. sömu greinar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda, svo sem hér háttar til.

Hinn 27. nóvember 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu eigi síðar en 2. desember sama ár athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna. Í tölvubréfunum var jafnframt tilkynnt

að vegna fjölda umsækjenda og til þess að hraða störfum dómnefndar hefði hún ákveðið að nýta heimild í 6. gr. reglna nr. 970/2020 og leggja í fyrstu mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna þeirra og gagna, sem þeim fylgdu, með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem um ræðir í 4. gr. reglnanna. Við frummat þetta yrði þannig fyrst og fremst litið til menntunar, starfsferils og fræðilegrar þekkingar umsækjenda, eins og hún birtist í umsóknargögnum, svo og til aukastarfa þeirra sem nýttist dómaraefni, sbr. 1. og 2. tölulið 4. gr. Að því loknu yrði tekin afstaða til þess, með rökstuddu álitni á hæfni hvers umsækjenda, hverjir af þeim kæmu að mati dómnefndar til greina til að vera metnir hæfastir til að hljóta framangreind embætti. Yrði öllum umsækjendum tilkynnt sú niðurstaða og þeim gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Þeir einir, sem kæmu samkvæmt þessu til greina að verða metnir hæfastir, yrðu síðan boðaðir í viðtal, sbr. 4. mgr. 5. gr. fyrrgreindra reglna. Í framhaldi af viðtölunum myndi nefndin skv. 8. gr. reglnanna kynna öllum umsækjendum drög að umsögn um hæfni þeirra og gefa þeim öllum kost á að koma að sjónarmiðum sínum áður en gengið yrði endanlega frá umsögninni eftir 9. gr. reglnanna.

Í samræmi við fyrrgreint verklag var gert frummat á hæfni allra umsækjenda. Niðurstaða dómnefndar varð sú að sex þeirra kæmu til álita að verða metnir hæfastir úr hópi umsækjenda til að hljóta þau embætti sem um ræðir. Að því loknu var umsækjendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við matið. Nýttu fjórir sér það, en nefndin taldi ekki ástæðu til að breyta fyrri niðurstöðu sinni.

Í áðurnefndri auglýsingu frá 18. september 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.8. hér á eftir.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 17. og 22. desember 2020. Að þeim loknum var lagt frekara mat á hæfni þeirra, eins og fram kemur í 6. kafla, og niðurstaðan reist á því mati, sbr. 7. kafla.

Í samræmi við 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru öllum umsækjendum með tölvubréfum 7. janúar 2021 send drög að umsögn dómnefndar þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 12. sama mánaðar. Athugasemdir bárust frá átta umsækjendum og urðu þær til þess að minni háttar breytingar voru gerðar á fyrirleggjandi drögum án þess að niðurstaða hennar breyttist.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma frummat dómnefndar á umsækjendum samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr. reglna nr. 970/2020 og viðmiðum á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Árni Ármann Árnason er fæddur 23. apríl 1963 og er því 57 ára. Hann lauk 1998 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 1990 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2009 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Þá hlaut hann 2007 réttindi til fasteigna-, fyrirtæja- og skipasölu. Að loknu laganámi starfaði hann sem lögmaður í lögfræðideild og útlánastýringu Landsbankans til 1995. Á því ári varð hann starfsmaður Skeljungs hf. og sinnti þar ýmsum lögfræðistörfum sem lögmaður til 2005. Frá þeim tíma hefur hann verið eigandi og framkvæmdastjóri lögmannsstofunnar Libra og stundað þar lögmannsstörf. Hann hefur setið í ýmsum nefndum í tengslum við störf sín sem lögmaður fyrir Seltjarnarnesbæ, m.a. sem varaformaður fjölskyldunefndar og í yfirkjörstjórn. Umsækjandi kenndi við Háskóla Íslands árið 1988 og hefur þar verið prófdómari vegna lokaritgerðar, gestakennari í Háskólanum í Reykjavík og kennt á námskeiði um þinglýsingar og veðrétt hjá Lögmannafélagi Íslands. Þá samdi hann handbók á sviði bankaréttar sem kom út 1999. Hann sat í stjórnnum ýmissa félaga sem starfsmaður Landsbankans og Skeljungs hf. og

var stjórnarmaður í fjármálafyrirtækinu Byr hf. sem stofnað var eftir að bráðabirgðastjórn var skipuð til að fara með málefni Byrs sparisjóðs. Þá hefur hann tekið þátt í félagsmálum og verið formaður félagasamtaka.

Árni Vilhjálmsson er fæddur 4. nóvember 1952 og er því 68 ára. Hann lauk 1979 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og stundaði veturinn 1981 til 1982 meistaranám við Osgood Hall Law School, York University í Toronto. Hann lauk þar tilskildum námseiningum, en skilaði ekki lokaritgerð. Hann öðlaðist 1983 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 1990 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur sótt fjölda námskeiða erlendis, einkum á sviði Evrópuréttar, samkeppnisréttar og hugverkaréttar. Umsækjandi öðlaðist 2005 réttindi til málareksturs hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (European Patent Attorney). Hann var fulltrúi sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Seyðisfirði að loknu laganámi til ágústmánaðar 1981, starfaði í viðskiptaráðuneytinu frá september 1982 til maí 1983 og hjá Lögmonnum Höfðabakka frá 1. júní 1983 til 15. september 1992, þar af sem meðeigandi frá 1. janúar 1985. Hann starfaði í samkeppnisdeild Eftirlitsstofnunar EFTA frá september 1992 til júlí 1995, en gekk þá til liðs við A&P lögmennt sem meðeigandi og hefur starfað þar sem lögmaður síðan, frá 2000 á sameinaðri stofu undir heitinu LOGOS lögmannsþjónusta. Umsækjandi hefur stundað kennslu í lögfræði, m.a frá 1986 til 1988 í Tækniskóla Íslands, og á námskeiðum um ýmis lögfræðileg efni hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og verið frummælandi á ýmsum ráðstefnum, einkum á sviði samkeppnis- og hugverkaréttar. Af öðrum störfum má nefna setu hans sem varastjórnarmaður (ad hoc College Member) hjá Eftirlitsstofnun EFTA frá 1997 til 2003 og þá hefur hann setið í stjórnnum margra hlutafélaga og annarra aðila, svo sem Lögmannafélags Íslands, Lánasjóðs íslenskra námsmanna og Félagsstofnunar stúdenta. Hann hefur verið settur dómari í tveimur málum í Landsrétti og einu máli í Hæstarétti. Þá var hann formaður nefndar á vegum iðnaðarráðherra sem samdi frumvarp er varð að lögum 2004.

Ásgeir Jónsson er fæddur 21. janúar 1959 og er því 61 árs. Hann lauk 1986 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 1990 réttindi sem héraðsdómslögmaður, 1998 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands á grundvelli 2. mgr. 9. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur og 2008 réttindi til

málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann fékk 1995 löggildingu sem fasteigna- og skipasali. Hann starfaði hjá Lögmonnum Höfðabakka 9 frá desember 1985 til desember 1987 sem starfsmaður og síðar löglærður fulltrúi, var gjaldheimtustjóri Suðurnesja frá 1987 til 1990 og rak eigin lögmannsstofu frá 1990 til 2005, auk þess að reka samhliða því fasteignasölu frá 1995. Hann var lögmaður hjá Pacta/Lögheimtunni ehf. frá 2005 til 2019, en hefur rekið eigin lögmannsstofu í félagi við annan lögmann frá nóvember 2019. Á árunum 1990 til 2005 vann hann nokkuð að sveitarstjórnarmálefnum sem lögmaður Njarðvíkur og síðan Reykjanesbæjar. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandi var 1994 formaður kjörstjórnar við kosningu um nýtt nafn sameinaðs sveitarfélags á Suðurnesjum og á árunum 1999 til 2002 var hann formaður í umsýðingarnefnd fólksbifreiða á Suðurnesjum.

Eiríkur Elís Þorláksson er fæddur 4. mars 1976 og er því 44 ára. Hann lauk 2001 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 2008 við King's College í Lundúnum. Hann öðlaðist 2002 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2008 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann starfaði sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd frá 2001 til 2002 og hefur frá 2011 verið varamaður í henni. Þá var hann frá 2002 til 2007 ritari kærunefndar útboðsmála þar sem hann samdi drög að úrskurðum. Hann starfaði frá 2002 til 2005 á Nestor lögfræðistofu, fyrst sem löglærður fulltrúi, en sem eigandi frá 2004. Hann starfaði frá 2005 til 2011 sem eigandi á Lex lögmannsstofu og hefur síðan verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Aðalstarf hans frá 2012 hefur verið við lagadeild Háskólans í Reykjavík sem sérfræðingur, lektor og dósent og þá hefur hann frá 2019 verið deildarforseti hennar. Auk kennslustarfa við háskólann kenndi hann í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands frá 2002 til 2007 og Háskólann á Bifröst árin 2012 og 2014. Þá hefur hann frá 2017 kennt á námskeiðum Lögmannafélags Íslands vegna öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Hann hefur leiðbeint nemendum við ritgerðasmíð í öllum þessum háskólum. Umsækjandi hefur ritað tvær bækur um lögfræði. Þá hefur hann fengið birtar tólf ritrýndar fræðigreinar og fimm óritrýndar greinar og bókarkafli. Hann hefur einu sinni átt sæti í gerðardómi. Hann hefur verið varamaður í nefnd um dómarastörf og setið í stjórnnum ýmissa félaga, t.d. Tryggingamiðstöðvarinnar hf. frá 2011 til 2013 og Stoða hf. þar sem hann var stjórnarformaður frá 2011 til 2014. Meðal annarra starfa

umsækjanda má nefna að hann hefur komið að undirbúningi og samningu lagafrumvarpa, ritrýnt fræðigreinar og bókarkafli og setið í stjórn gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands frá 2012.

Eyvindur G. Gunnarsson er fæddur 31. ágúst 1970 og er því 50 ára. Hann lauk 1996 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 1998 við Duke University School of Law í Lundúnum. Hann öðlaðist 1997 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2006 réttindi til málflytninga fyrir Hæstarétti Íslands. Hann starfaði frá 1996 til 1997 sem deildarstjóri í umhverfissráðuneytinu, frá 1998 til 2000 sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og á sama ári sem deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Hann var frá 2000 til 2006 sjálfstætt starfandi lögmaður, en hefur frá þeim tíma starfað við lagadeild Háskóla Íslands. Þar var hann lektor frá 2006 til 2010, dósent frá 2010 til 2013 og hefur frá þeim tíma verið prófessor, þar af forseti deildarinnar frá 2013 til 2016. Auk fyrrgreindra starfa við kennslu frá 2006 við lagadeild Háskóla Íslands var umsækjandi stundakennari við deildina frá 1999 til 2006. Þá hefur hann frá 2007 kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður og frá 1998 í námi til löggildingar fasteignasala. Hann hefur frá 1998 leiðbeint fjölda nemenda við meistara- og doktorsritgerðir. Hann er höfundur og meðhöfundur að sex bókum á sviði lögfræði og hefur fengið birtar rúmlega 40 greinar og bókarkafli á sviði lögfræði, þar af eru 30 greinanna ritrýndar. Þá hefur hann sinnt ritstjórn og ritrýni og m.a. rýnt tugi fræðilegra greina og þrjár bækur. Af fjölmörgum aukastörfum umsækjanda má nefna að hann var á árinu 2018 varadómari í tíu málum í Hæstarétti og varamaður í endurupptökunefnd frá 2013 til 2017 þar sem hann tók þátt í afgreiðslu nokkurra mála. Hann var gerðarmaður í Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands og í gerðardómi á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hann hefur átt sæti ad hoc í gerðardómsmálum. Hann hefur setið í stjórnnum ríkisstofnana og ýmissa nefnda í stjórnsýslunni og gegnt formennsku í tveimur þeirra. Þá var hann lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 og sömu nefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árunum 2007 til 2014, þar af sem formaður frá 2013 til

2014. Umsækjandi hefur komið að vinnu við á annan tug lagafrumvarpa, bæði einn, í samvinnu við aðra og sem starfsmaður nefnda sem hafa undirbúið þau.

Guðrún Björg Birgisdóttir er fædd 11. júní 1969 og er því 51 árs. Hún lauk 1999 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 2000 við University of Miami. Hún öðlaðist 2001 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2011 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Þá öðlaðist hún 2015 réttindi sem löggiltur fasteignasali. Hún hefur sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði. Umsækjandi var frá 2000 til 2005 löglærður fulltrúi hjá LOGOS lögmannsþjónustu er hún hóf rekstur á eigin lögmannsstofu þar sem hún starfaði til 2006. Á því ári hóf hún störf sem yfirlögfræðingur hjá Marel hf. og vann þar til 2009 er hún varð yfirlögfræðingur fyrirtækjaráðgjafar Arion banka hf. til 2010. Frá þeim tíma hefur umsækjandi verið lögmaður og eigandi Logia ehf. Umsækjandi var aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík frá 2006 til 2009 og stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2012 til 2016, auk þess sem hún var leiðbeinandi við meistararitgerð nemanda við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hún situr í stjórnnum nokkurra félaga og sjóða og hafði áður átt sæti í slíkum stjórnnum. Af öðrum störfum má nefna setu hennar í varastjórn Lögmannafélags Íslands í eitt ár og tvö ár í aðalstjórn félagsins, ritstjóri Lögmannablaðsins í tvö ár, varamaður í kærunefnd jafnréttismála frá 2011 og ritari áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar frá 2019.

Haukur Örn Birgisson er fæddur 3. desember 1978 og er því 41 árs. Hann lauk 2004 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 2005 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2011 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur sótt ýmis námskeið hjá Lögmannafélagi Íslands. Eftir lagapróf var hann 2004 fulltrúi og lögmaður hjá Nestor lögmonnum og Lex lögmannsstofu sama ár til 2008, en hefur frá þeim tíma verið lögmaður, eigandi og framkvæmdastjóri Íslensku lögfræðistofunnar. Umsækjandi hefur frá 2008 kennt á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður og frá 2009 á námskeiði til öflunar löggildingar í verðbréfamiðlun. Hann var frá 2006 til 2009 stundakennari við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og umsjónarkennari frá 2011 til 2013 vegna BA ritgerða við þá deild og hefur frá 2013 verið prófdómari vegna meistararitgerða við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hann hefur setið í ýmsum

stjórnnum og nefndum og verið stjórnarformaður og framkvæmdastjóri í einni þeirra. Hann hefur frá 2005 verið í stjórn Golfsambands Íslands, þar af forseti frá 2013, og frá 2019 forseti Evrópska golfsambandsins. Umsækjandi var 2017 skipaður í endurupptökunefnd og frá janúar 2018 verið formaður hennar. Þá hefur honum verið falið að semja frumvarp til breytinga á lögum.

Jóhannes Karl Sveinsson er fæddur 4. desember 1967 og er því 53 ára. Hann lauk 1993 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 1994 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2000 réttindi til málflytningu fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur frá 1993 stundað lögmenntu, fyrst sem fulltrúi lögmanna, en frá 1999 sem meðeigandi lögfræðistofunnar Landslaga. Hann kenndi frá 1994 til 2011 sem aðjúnt við lagadeild Háskóla Íslands og frá 2005 til 2010 á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflugunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Þá tók hann þátt í skipulagningu fjögurra ára náms í mannvirkjagerð við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og hefur frá árinu 2012 kennt þar og haft umsjón með náminu að hluta. Umsækjandi hefur komið að gerðardómsmálum, m.a. sem formaður, flutt alþjóðleg gerðardómsmál fyrir opinberar stofnanir og farið með níu mál fyrir EFTA-dómstólnum. Hann var frá 2009 til 2019 formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Þá var hann 2018 formaður starfshóps til að endurskoða reglur um launafyrirkomulag embættismanna og kjörinna fulltrúa. Hann var ráðgjafi stjórnvalda eftir fall bankanna 2008, fyrst sem starfsmaður Fjármálaeftirlitsins í október og nóvember það ár vegna ákvarðana um skiptingu hinna föllnu banka og ýmissa framkvæmdaatriða því tengdu. Á árinu 2009 var hann síðan ráðinn hjá fjármálaráðuneytinu sem lögfræðilegur ráðgjafi við samninga á milli gömlu bankanna og þeirra nýju vegna endurgjalds fyrir eignir er fluttar voru til hinna síðarnefndu og lauk því starfi snemma árs 2010. Einnig átti hann sæti í samninganefnd Íslands vegna svonefnds Icesave máls og vann á vegum stjórnvalda að því gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og síðar sem aðstoðarmálflytningismaður fyrir EFTA-dómstólnum. Hann hefur komið að gerð átta lagafrumvarpa, þ. á m. neyðarlaganna nr. 125/2008 og tengdra laga, og veitt ráðgjöf vegna lagasetningar. Umsækjandi hefur ritað tvær bækur um lögfræði og nokkrar greinar, auk þess sem hann hefur flutt fyrirlestra þar um, bæði hér á landi og erlendis. Af öðrum störfum má nefna að hann hefur setið í stjórnnum nokkurra félaga og gegnt

stjórnarformennsku í tveimur þeirra. Þá sat hann í stjórn Lögmannafélags Íslands í tvö ár og var ritstjóri Lögmannablaðsins sama árabil. Einnig hefur hann frá árinu 2015 sinnt aukastörfum á vegum Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins, einkum í Austur-Evrópu og Karíbahafi. Hann sat frá 1998 til 2003 í stjórn Körfuknattleikssambands Íslands hefur frá 1988 komið að stjórn körfuknattleiksdeildar ÍR með hléum.

Jón Auðunn Jónsson er fæddur 15. júní 1957 og er því 63 ára. Hann lauk 1990 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 1992 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2002 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur setið ýmis námskeið um lögfræði. Umsækjandi starfaði sem löglærður fulltrúi hjá Lögmonnum Thorsplani í Hafnarfirði frá 1990 til 1992, en hefur frá þeim tíma til þessa dags starfað sem lögmaður og einn eigenda stofunnar. Hann hefur komið að félagsmálum og verið í ýmsum trúnaðarstöfum tengdum því. Hefur hann meðal annars verið formaður handknattleiksdeildar FH um fimm ára skeið, varaformaður aðalstjórnar félagsins til sama tíma og forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar.

Karl Ingi Vilbergsson er fæddur 23. mars 1973 og er því 47 ára. Hann lauk 2001 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf í janúar 2001 störf sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum í Kópavogi og starfaði þar uns hann hóf 2006 störf sem saksóknarfulltrúi í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Hann var frá ársbyrjun 2007 aðstoðarsaksóknari/sviðsstjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og staðgengill aðstoðarlögreglustjóra/saksóknara til áramóta 2014/2015 er hann var skipaður lögreglustjóri á Vestfjörðum. Umsækjandi kenndi frá 2014 til 2018 við lagadeild Háskóla Íslands og hefur kennt við Lögregluskóla ríkisins og flutt fræðileg erindi. Þá hefur hann nýlega verið skipaður í nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins.

Reimar Pétursson er fæddur 14. nóvember 1972 og er því 48 ára. Hann lauk 1998 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 2003 við Columbia University School of Law. Hann öðlaðist 1998 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2004 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann fékk 2004 lögmannsréttindi í New York og tók 2008 próf í verðbréfamiðlun. Umsækjandi var frá 1998 til 2003 fulltrúi hjá Lögmonnum Skólavörðustíg 6b sf. og frá 2003 til 2004 meðeigandi lögmannsstofunnar Nestor ehf. Hann var frá 2004 til 2005

með sjálfstæðan lögmannsrekstur, en varð þá lögmaður Atorku Group hf. til 2007 er hann gerðist starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. og gegndi því starfi til ársins 2008. Frá 2008 til 2010 vann hann ýmis sérverkefni, einkum fyrir Hf. Eimskipafélag Íslands og Novator Properties Ltd, en hefur frá 2010 verið sjálfstætt starfandi lögmaður og meðeigandi Lögmannna Lækjargötu ehf. Umsækjandi hefur flutt fjölda viðamikilla mála fyrir Hæstarétti og Landsrétti á ýmsum réttarsviðum og tvö mál fyrir EFTA-dómstólnum, auk þess sem hann aðstoðaði við flutning svonefnds Icesave máls fyrir sama dómstóli. Hann hefur ritað níu fræðigreinar, auk fjölda styttri greina um lögfræðileg efni, og haldið fyrirlestra þar um. Þá hefur hann verið stjórnarmaður í tveimur félögum um nokkurra ára skeið. Hann var formaður Lögmannafélags Íslands frá 2013 til 2018, formaður laganefndar félagsins frá 2015 til 2018 og formaður námssjóðs þess frá 2018 til 2020. Lagaeftindin veitti, undir stjórn hans, umsagnir um fjölda þingmála og innanríkisráðneytinu umsagnir um fjögur lagafrumvörp. Umsækjandi var skipaður í starfshóp um afnám gjaldeyrishafta árið 2013. Hann var og skipaður ad hoc í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki á árinu 2004 til meðferðar máls og var 2019 tvisvar skipaður ad hoc í dómnefnd samkvæmt III. kafla laga um dómstóla samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar.

Sigurður Jónsson er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 64 ára. Hann lauk 1983 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur sótt mörg námskeið í lögfræði. Hann öðlaðist 1989 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og 1997 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Þá öðlaðist hann fasteignasöluréttindi 1991. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum og sýslumanninum á Akureyri og starfaði þar fram til 1986 er hann hóf störf sem fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu. Á árinu 1987 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og frá 1988 til 1989 var hann starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Á árunum 1989 til 1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, en að því loknu rak hann eigin lögmannsstofu auk fasteignasölu fram til ársins 2012. Á því ári stofnaði hann lögmannsstofu í Kópavogi ásamt öðrum og starfar þar í dag. Hann var formaður yfirúttektarnefndar Árnessýslu árin 1986 til 1993 og sat í mörgum nefndum á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum

1989 til 1991. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala árin 2003 til 2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. frá 2001 til 2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi frá 2005 til 2010 og hefur frá 2009 verið stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi. Árið 2018 tók hann sæti í tveimur nefndum samkvæmt 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Hann hefur alloft verið dómkvaddur sem matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og gera arðskrár vegna veiði.

Stefán Geir Þórisson er fæddur 30. september 1962 og er því 58 ára. Hann lauk 1990 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 1992 réttindi til málflutnings í héraði og 1998 leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Að loknu embættisprófi starfaði hann um eins árs skeið í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins, en frá þeim tíma til janúarloka 1993 sem fulltrúi á Lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar. Hann starfaði í lagadeild Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. febrúar 1993 til 1. júlí 1995 er hann kom aftur til starfa sem lögmaður á áðurnefndri lögmannsstofu og vann þar til 1. febrúar 1998. Frá þeim tíma hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður á lögmannsstofunum Lögmennt Klapparstíg, Forum lögmennt og Tort ehf. Hann hefur átt sæti í stjórnnum nokkurra fyrirtækja. Umsækjandi hefur frá 1. janúar 2017 verið gerðarmaður við Alþjóða íþróttadómstólinn. Á árunum 2009 til 2010 var hann einn þriggja gerðarmanna í alþjóðlegum gerðardómi og þá hefur hann verið gerðarmaður í öðru slíku máli. Frá 2013 hefur hann verið nefndarmaður í Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum, tæknilausnum og þjónustu Mílu ehf. og heildsölu Símans hf., auk þess sem hann var á árinu 1998 settur nefndarmaður ad hoc í máli fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Á árinu 2005 tók hann sæti forstjóra Samkeppniseftirlitsins við mat á samkeppnisáhrifum af samruna hluta Burðaráss hf. við Landsbanka Íslands hf. og Straum-fjárfestingabanka hf. Umsækjandi var stundakennari í við lagadeild Háskóla Íslands frá 1992 til 1997, en frá þeim tíma prófdómari við deildina um þriggja ára skeið, auk þess að vera leiðbeinandi við ritun meistaraaritgerða við við sama skóla. Hann hefur frá árinu 2004 sinnt stundakennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þá hefur hann annast kennslu á stuttum námskeiðum. Eftir hann liggur einn ritrýndur bókarkafli og ein grein um lögfræðileg efni, auk tveggja stuttra greina sem birtust í Lögmannablaðinu. Einnig hefur

umsækjandi haldið fyrirlestra hér á landi og erlendis um lögfræðileg efni. Af öðrum störfum má nefna að hann var nefndarmaður í nefnd til að meta drög að samningi vegna Icesave reikninga Landsbankans. Þá var hann formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES-samninginn. Hann var nefndarmaður í Samninga- og félagaskiptanefnd Knattspyrnusambands Íslands frá 2007 til 2017. Umsækjandi hefur verið stjórnarmaður í Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík frá stofnun hennar árið 2004. Hann var frá 1996 til 2008 varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Víkings og sat frá 2007 til 2009 í stjórn Knattspyrnusambands Íslands. Hann var og frá 2000 til 2006 varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Stoke City FC. Þá var hann frá 1998 til 2002 varamaður í stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA og sat á árunum 2005 til 2007 í stjórn Lögmannafélags Íslands.

Tómas Jónsson er fæddur 9. apríl 1962 og er því 58 ára. Hann lauk 1988 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 1990 við University of London. Hann hefur sótt ýmis námskeið í lögfræði. Umsækjandi öðlaðist 1991 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 1997 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur frá 1991 verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Umsækjandi tók á árinu 2009 sæti í slitastjórn Sparisjóðabanka Íslands hf. og var formaður hennar þar til slitum á búinu lauk 2016. Einnig hefur hann verið skiptastjóri í á annað hundrað þrotabúa, verið umsjónarmaður nauðasamninga, aðstoðarmaður fyrirtækja við greiðslustöðvun og tilsjónarmaður Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins 2008. Hann kenndi lögfræði við Tækniskóla Íslands frá 1992 til 1996 og hefur haldið haldið fyrirlestra við viðskiptadeild Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og víðar. Umsækjandi var formaður stjórnar Lögfræðistofu Reykjavíkur ehf. í tíu ár og situr nú í stjórn hennar. Þá hefur hann setið í stjórnnum tveggja félaga og verið stjórnarformaður annars þeirra um nokkurra ára skeið. Loks hefur hann hefur veitt umsagnir um ýmis lagafrumvörp er varða höfundarétt.

Þyri Steingrímsdóttir er fædd 24. apríl 1976 og er því 44 ára. Hún lauk 2004 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún öðlaðist 2005 réttindi sem héraðsdómslögmaður og 2012 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hún hefur setið ýmis námskeið um lögfræði. Eftir að umsækjandi lauk námi starfaði hún til 2009 hjá DP lögmonnum, fyrst sem löglerður fulltrúi og síðan sem lögmaður, en

stofnaði þá rekstur eigin lögmannsstofu og hefur starfað sem lögmaður frá þeim tíma. Hún varð á árinu 2011 meðeigandi að Acta lögmannsstofu sem sameinaðist 2016 Lögfræðistofu Reykjavíkur ehf. Árin 2008 og 2009 var hún stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands og hefur verið leiðbeinandi og prófdómari við ritun tveggja ML ritgerða og ritað eina ritrýnda grein. Hún var frá 2011 til 2016 í stjórn Acta lögmannsstofu og frá 2011 til 2012 starfandi framkvæmdastjóri hennar. Hún hefur komið að, stýrt og tekið þátt í mörgum ráðstefnum og málþingum. Af öðrum störfum umsækjanda má nefna að hún var árið 2017 skipuð í starfshóp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að semja frumvarp til nýrra laga lögheimili sem varð að lögum nr. 80/2018. Hún sat frá 2008 til 2012 í stjórn Félags kvenna í lögmennsku, síðustu tvö árin sem formaður, var í ritstjórn Lögmannsblaðsins frá 2013 til 2015 og ritstjóri þess frá 2015 til 2016.

5. Mat á umsækjendum

Hér á eftir verður í fyrsta lagi greint stuttlega frá menntun umsækjenda, aðalstörfum þeirra að loknu lagaprófi og helstu aukastörfum, sem nýtast dómara í starfi, þ. á m. fræðistörfum, sbr. 1. og 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020. Í öðru lagi verður samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglnanna lagt mat á það, á grundvelli þessara atriða, hverjir af umsækjendum komi til greina að álitni dómnefndar að verða taldir hæfastir til að hljóta embætti dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm.

5.1. Menntun, aðalstörf og helstu aukastörf

Árni Ármann Árnason lauk 1988 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 2009 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Þá hlaut hann 2007 réttindi til fasteigna,- fyrirtæja og skipasölu. Að loknu laganámi starfaði hann sem lögmaður hjá lögfræðideild og útlánastýringu Landsbankans til 1995, en á því ári varð hann starfsmaður Skeljungs hf. og sinnti þar ýmsum lögfræðistörfum til 2005. Frá þeim tíma hefur hann verið eigandi og framkvæmdastjóri lögmannsstofu og stundað lögmannsstörf. Hann hefur setið í ýmsum nefndum sem lögmaður. Þá var hann stjórnarmaður í fjármálafyrirtækinu Byr hf. sem stofnað var eftir að bráðabirgðastjórn var skipuð til að fara með málefni Byrs sparisjóðs. Hann kenndi við Háskóla Íslands á

árinu 1988, hefur verið gestakennari í Háskólanum í Reykjavík, kennt á námskeiðum og samið handbók á sviði bankaréttar. Hann hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga og var stjórnarmaður í fjármálafyrirtæki. Þá hefur hann tekið þátt í félagsmálum og verið formaður félagasamtaka.

Árni Vilhjálmsson lauk 1979 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og stundaði veturinn 1981 til 1982 meistaranám í samningarétti og alþjóðlegum viðskiptarétti við Osgood Hall Law School, York University, Toronto, lauk þar tilskildum námseiningum, en skilaði ekki lokaritgerð. Hann öðlaðist 1990 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann öðlaðist 2005 réttindi til málareksturs hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (European Patent Attorney). Hann var fulltrúi sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Seyðisfirði að loknu námi til ágústmánaðar 1981, starfaði í viðskiptaráðuneytinu frá september 1982 til maí 1983 og hjá Lögmönnum Höfðabakka frá 1. júní 1983 til 15. september 1992. Hann starfaði í samkeppnisdeild Eftirlitsstofnunar EFTA frá september 1992 til júlí 1995, en varð einn eigenda A&P lögmanna 1. ágúst 1995, sem síðar var sameinað LOGOS lögmansþjónustu, og hefur síðan starfað sem lögmaður. Umsækjandi hefur stundað kennslu í lögfræði á námskeiðum um ýmis lögfræðileg efni hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Hann hefur átt sæti í stjórnnum nokkurra hlutafélaga og annarra félaga. Hann hefur tvívegis settur dómari í Landsrétti og einu sinni í Hæstarétti. Þá var hann formaður nefndar á vegum iðnaðarráðherra sem samdi frumvarp er varð að lögum árið 2004.

Ásgeir Jónsson lauk 1986 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og hlaut 1995 löggildingu sem fasteigna- og skipasali. Hann var árin 1986 til 1987 fulltrúi á lögmansstofu og frá 1987 til 1990 gjaldheimtustjóri Suðurnesja. Frá 1990 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann öðlaðist 2008 réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti, en hafði 1998 fengið leyfi til að flytja mál fyrir réttinum sem hann hafði áður rekið í héraði. Á árunum 1999 til 2002 var hann formaður í umsjónarnefnd fólksbifreiða á Suðurnesjum.

Eiríkur Elís Þorláksson lauk 2001 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 2008. Hann öðlaðist 2008 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann starfaði frá 2001 til 2002 sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd

og hefur frá 2011 verið varamaður í nefndinni. Hann var frá 2002 til 2007 ritari kærunefndar útboðsmála og starfaði frá 2002 til 2011 á lögmannsstofum. Eftir það hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður, en aðalstarf hans frá 2012 hefur verið sem sérfræðingur, lektor og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, þar af sem deildarforseti frá 2019. Auk kennslustarfa við skólann kenndi umsækjandi frá 2002 til 2007 við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, við Háskólann á Bifröst árin 2012 og 2014 og hefur frá 2017 kennt á námskeiðum Lögmannafélags Íslands vegna öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Hann hefur ritað tvær bækur um lögfræði og fengið birtar 12 ritrýndar fræðigreinar, fimm óritrýndar greinar og bókarkafla. Umsækjandi hefur einu sinni átt sæti í gerðardómi og hefur frá 2016 verið varamaður í nefnd um dómarastörf. Þá hefur hann setið í stjórnnum ýmissa félaga og komið að undirbúningi og samningu lagafrumvarpa.

Eyvindur G. Gunnarsson lauk 1996 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 1998. Hann öðlaðist 2006 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Á árunum 1996 til 1997 starfaði hann sem deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, frá 1998 til 2000 sem aðstoðarmaður dómara og sem deildarsérfræðingur í ráðuneyti. Hann var frá 2000 til 2006 sjálfstætt starfandi lögmaður, en hefur frá þeim tíma kennt við lagadeild Háskóla Íslands, sem lektor frá 2006 til 2010, dósent frá 2010 til 2013 og hefur verið prófessor frá þeim tíma, þar af forseti deildarinnar frá 2013 til 2016. Á árunum 1999 til 2006 var hann stundakennari við fyrrgreinda lagadeild. Auk þessa hefur hann frá 2007 kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður og frá 1998 í námi til löggildingar fasteignasala. Hann er höfundur og meðhöfundur að sex bókum á sviði lögfræði og bókarköflum og hefur fengið birtar tugi greina. Þá hefur hann sinnt ritstjórn og ritrýnt tugi fræðilegra greina og þrjár bækur. Hann var varadómari í tíu málum í Hæstarétti á árinu 2018, varamaður í endurupptökunefnd í fjögur ár, gerðarmaður í Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands og gerðardómi á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hann hefur átt sæti ad hoc í gerðardómsmálum. Hann hefur setið í stjórnnum ríkisstofnana og ýmissa nefnda í stjórnsýslunni. Þá var hann lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 og sömu nefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls

sparisjóðanna. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands frá 2007 til 2014, þar af sem formaður frá 2013 til 2014. Þá hefur umsækjandi komið að vinnu við á annan tug lagafrumvarpa.

Guðrún Björg Birgisdóttir lauk 1999 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 2000. Hún öðlaðist 2011 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Þá hlaut hún 2015 réttindi sem löggiltur fasteignasali. Hún var frá 2000 til 2005 fulltrúi á lögmannsstofu og eigandi lögmannsstofu frá því ári til 2006. Hún var yfirlögfræðingur hjá Marel hf. frá 2006 til 2009 og yfirlögfræðingur fyrirtækjaráðgjafar Arion banka frá 2009 til 2010. Frá 2010 hefur hún verið lögmaður og eigandi lögmannsstofu. Umsækjandinn var frá 2006 til 2009 aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík og stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2012 til 2016. Hún situr í stjórnnum nokkurra félaga og sjóða og hefur setið í stjórnnum hlutafélags og sparisjóða. Þá hefur hún setið í stjórn og varastjórn Lögmannafélags Íslands, verið varamaður í Kærunefnd jafnréttismála frá árinu 2011 og ritari áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar frá 2019.

Haukur Örn Birgisson lauk 2004 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 2011 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Eftir lagapróf var hann frá 2004 til 2008 fulltrúi á lögmannsstofum, en hefur frá þeim tíma verið eigandi og framkvæmdastjóri lögmannsstofu. Hann hefur frá 2008 kennt á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður og frá 2009 á námskeiði til öflunar löggildingar í verðbréfamiðlun. Hann var frá 2006 til 2009 stundakennari við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, umsjónarkennari vegna BA ritgerða við þá deild frá 2011 til 2013 og hefur frá þeim verið prófdómari vegna meistararitgerða við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hann hefur setið í ýmsum stjórnnum og nefndum. Hann hefur frá 2005 verið í stjórn Golfsambands Íslands, þar af forseti þess frá 2013, og frá 2019 forseti Evrópska golfsambandsins. Þá var hann 2017 skipaður í endurupptökunefnd og varð formaður hennar í janúar 2018.

Jóhannes Karl Sveinsson lauk 1993 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 2000 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur frá 1993 stundað lögmenntu, fyrst sem fulltrúi lögmannna, en frá 1999 sem meðeigandi lögfræðistofunnar Landslaga. Hann kenndi frá 1994 til 2011 sem aðjúnkt við lagadeild

Háskóla Íslands og frá 2005 til 2010 á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Þá tók hann þátt í skipulagningu fjögurra anna náms í mannvirkjagerð við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og hefur frá árinu 2012 kennt þar og haft umsjón með náminu að hluta. Umsækjandi hefur komið að gerðardómsmálum, m.a. sem formaður, flutt alþjóðleg gerðardómsmál og farið með nokkur mál fyrir EFTA-dómstólnum. Hann var frá 2009 til 2019 formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Þá var hann ráðgjafi stjórnvalda eftir fall bankanna árið 2008. Hann átti sæti í samninganefnd Íslands um svonefnt Icesave mál og vann á vegum stjórnvalda að því gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og síðar sem aðstoðarmálflutningsmaður fyrir EFTA-dómstólnum. Hann hefur komið að gerð nokkurra lagafrumvarpa og veitt ráðgjöf vegna lagasetningar. Umsækjandi hefur ritað tvær bækur um lögfræði, verið ritstjóri Lögmannablaðsins og flutt fyrirlestra. Af öðrum störfum má nefna að hann hefur verið stjórnarformaður hlutafélags og lögmannsstofu. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands í tvö ár og var ritstjóri Lögmannablaðsins til sama tíma. Þá hefur hann frá 2015 sinnt aukastörfum fyrir Alþjóðdagjaldeyrissjóðinn.

Jón Auðunn Jónsson lauk 1990 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 2002 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Umsækjandi starfaði frá 1990 til 1992 sem löglærður fulltrúi lögmannstofu og hefur frá þeim tíma verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann hefur komið að félagsmálum og verið í ýmsum trúnaðarstöfum tengdum þeim, þ. á m. formaður handknattleiksdeildar FH um fimm ára skeið og varaformaður aðalstjórnar félagsins til sama tíma.

Karl Ingi Vilbergsson lauk 2001 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf í janúar 2001 störf sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum í Kópavogi og starfaði þar uns hann 2006 hóf störf sem saksóknarfulltrúi í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Umsækjandi var ársbyrjun 2007 aðstoðarsaksóknari/sviðsstjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og staðgengill aðstoðarlögreglustjóra/saksóknara til áramóta 2014/2015 er hann var skipaður lögreglustjóri á Vestfjörðum. Þá hefur hann sinnt lagakennslu og flutt fræðileg erindi.

Reimar Pétursson lauk 1998 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 2003. Hann öðlaðist 2004 réttindi til málflutnings fyrir

Hæstarétti Íslands. Þá hlaut hann 2004 lögmannsréttindi í New York og tók 2008 próf í verðbréfamíðlun. Hann var frá 1988 til 2003 fulltrúi á lögmannsstofu og meðeigandi lögmannsstofu frá 2003 til 2004. Hann var frá þeim tíma til 2005 með sjálfstæðan lögmannsrekstur, en varð þá lögmaður Atorku Group hf. og síðar framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar félagsins til 2007 er hann gerðist starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. og gegndi því starfi til 2008. Árin 2008 til 2010 vann hann ýmis sérverkefni, en hefur frá 2010 verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann hefur ritað níu fræðigreinar, auk fjölda styttri greina um lögfræðileg efni, og haldið fyrirlestra þar um. Umsækjandi hefur verið stjórnarmaður í hlutafélögum og var formaður Lögmannafélags Íslands frá 2013 til 2018, formaður laganeftar félagsins frá 2015 til 2018 og formaður námssjóðs þess frá 2018 til 2020. Hann var á árinu 2013 skipaður í starfshóp um afnám gjaldeyrishafta og á árinu 2004 skipaður ad hoc til meðferðar máls í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá hefur hann tvívegis verið skipaður í dómnefnd samkvæmt III. kafla laga um dómstóla.

Sigurður Jónsson lauk 1983 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 1997 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum og sýslumanninum á Akureyri og starfaði þar fram til 1986 er hann hóf störf sem fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu. Frá 1989 til 1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmannsstofu og hefur síðan verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann var formaður yfirúttektarnefndar Árnessýslu frá 1986 til 1993. Þá átti hann á árinu 2018 sæti í nefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í tveimur sveitarfélögum. Hann hefur alloft verið dómkvaddur sem matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og gera arðskrár fyrir veiðifélög.

Stefán Geir Þórisson lauk 1990 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 1998 leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Að loknu embættisprófi starfaði hann um eins árs skeið í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins, en frá þeim tíma til janúarloka 1993 sem fulltrúi á lögmannsstofu. Hann starfaði í lagadeild Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. febrúar 1993 til 1. júlí 1995 er hann kom aftur til starfa sem lögmaður á lögmannsstofu og vann þar til 1. febrúar 1998 er hann hóf störf sem lögmaður á lögmannsstofu og hefur síðan verið sjálfstætt starfandi

lögmaður. Hann hefur verið gerðardómari við Alþjóða íþróttadómstólinn frá ársbyrjun 2017. Umsækjandi hefur verið gerðarmaður í tveimur málum. Frá 2013 hefur hann verið nefndarmaður í Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum, tæknilausnum og þjónustu Mílu ehf. og heildsölu Símans hf. Þá var var 1998 settur sem nefndarmaður í máli fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hann tók 2005 sæti forstjóra Samkeppniseftirlitsins við mat á samkeppnisáhrifum af samruna hluta Burðaráss hf. við Landsbanka Íslands hf. og við Straum-fjárfestingabanka hf. Hann var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 1992 til 1997 og hefur frá 2004 jafnframt sinnt stundakennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hann var formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES-samninginn. Hann hefur verið stjórnarmaður í Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík frá stofnun hennar 2004 og þá var hann í stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA um sex ára skeið. Hann hefur um langt skeið gegnt trúnaðarstöðum innan knattspyrnuhreyfingarinnar, setið í stjórn Lögmannafélags Íslands og sæti í stjórnnum nokkurra fyrirtækja.

Tómas Jónsson lauk 1988 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og framhaldsnámi (LL.M) 1990. Hann öðlaðist 1997 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur frá 1991 verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann tók 2009 sæti í slitastjórn Sparisjóðabanka Íslands hf. og var formaður hennar þar til slitum á búinu lauk 2016. Þá hefur hann verið skiptastjóri í á annað hundrað þrotabúa, umsjónarmaður nauðasamninga, aðstoðarmaður fyrirtækja við greiðslustöðvun og tilsjónarmaður Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins 2008. Hann kenndi lögfræði við Tækniskóla Íslands árin 1992 til 1996 og hefur haldið haldið fyrirlestra í viðskiptadeild Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Hann var formaður stjórnar Lögfræðistofu Reykjavíkur í tíu ár og situr nú í stjórn hennar. Þá er hann í stjórn félags rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði og var meðstofnandi og stjórnarmaður og stjórnarformaður einkahlutafélags. Hann hefur og veitt umsagnir um lagafrumvörp.

Þyrí Steingrimsdóttir lauk 2004 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún öðlaðist 2012 réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Að loknu laganámi starfaði hún á lögmannsstofu til 2009 er hún stofnaði eigin rekstur, sem síðar

sameinaðist annarri lögmannsstofu. Hún var framkvæmdastjóri þeirrar lögmannsstofu frá 2011 til 2012. Umsækjandi var árin 2008 og 2009 stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands og hefur ritað eina ritrýnda grein. Hún hefur komið að, stýrt eða tekið þátt í mörgum ráðstefnum og málþingum. Hún var 2017 skipuð í starfshóp ráðuneytis til að semja ný lög um lögheimili sem varð að lögum nr. 80/2018. Hún sat frá 2008 til 2012 í stjórn Félags kvenna í lögmennsku, þar af síðustu tvö árin sem formaður. Þá var hún í ritstjórn Lögmannablaðsins frá 2013 til 2015 og ritstjóri þess frá 2015 til 2016.

5.2. Mat á hæfni umsækjenda með tilliti til þess hvort þeir komi til greina að teljast hæfastir til þess að hljóta embætti dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd taka afstöðu til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embætti dómara. Við mat á hæfni þeirra þarf nefndin því að bera saman starfsferil umsækjenda og annað sem þeir hafa látið frá sér fara eða fengist við og að gagni getur komið í störfum dómara, sbr. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Verður því að veða og meta hæfni hvers umsækjanda til að gegna slíku embætti og bera hana saman við við hæfni annarra sem sækja um embættið. Skiptir þar m.a. mestu máli hversu fjölbreytt starfsreynsla þeirra er og hve lengi þeir hafa fengist við störf, sem lagaþekkingu þarf til, þar sem reynsla af fyrstu starfsárum í hverju starfi vegur tiltölulega þyngra en þau ár sem eftir fylgja.

Sem fyrr greinir hefur lögfræðileg þekking umsækjenda, ein og sér, ekki afgerandi áhrif við mat á hæfni þeirra, heldur er nauðsynlegt, eftir því sem kostur er, að meta færni þeirra til að nýta þá þekkingu við úrlausn mála. Samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laga nr. 50/2016, sbr. 4. gr. laga nr. 47/2020 um breytingu á þeim lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (Endurupptökudómur), skulu umsækjendur um þau embætti, sem hér um ræðir, fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti hæstaréttadómara og ekki vera fyrrverandi eða starfandi dómara eða starfsmenn dómstóla. Af þessu leiðir eðli máls samkvæmt að ekki er unnt við mat á hæfni umsækjenda að líta til dómsúrlausna þótt hafa megi hliðsjón af setu þeirra í einstökum dómsmálum, þ.m.t. gerðardómsmálum. Á hinn bóginn er fært að líta til stjórnsýsluúrskurða, sem umsækjendur hafa samið drög að og þar sem á kunnáttu

hefur reynt til að leysa úr ágreiningsmálum, ellegar stefna, greinargerða og annars sambærilegs framlags þar sem þeir hafa þurft að greina slík viðfangsefni og færa eftir atvikum viðhlítandi rök að tiltekinni niðurstöðu. Þá skipta hér máli fræðistörf og menntun, svo og fjölbreytileg og víðtæk starfsreynsla að öðru leyti.

Í þessum þætti mats á hæfni umsækjenda er gengið út frá því að þeir uppfylli allir þær lágmarkskröfur sem gera verður til héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020. Þau sjónarmið, sem reifuð hafa verið að framan, hafa síðan verið lögð til grundvallar við mat á því hverjir úr hópi umsækjenda um tvö embætti dómenda og tvö embætti varadómenda í Endurupptökudómi komi til greina, að álit dómnefndar, að verða metnir meðal þeirra hæfustu.

Við mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna þeirra og gagna, sem þeim fylgdu, til að skera úr um hverjir þeirra skuli teknir til frekara mats skv. 6. gr. reglna nr. 970/2020, er úr vöndu að ráða vegna þess hve margir þeirra eru vel hæfir að mati dómnefndar til að gegna embættum dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm. Hverjir umsækjenda hafa orðið fyrir valinu ræðst sem fyrr segir af innbyrðis samanburði á hæfni þeirra með skírskotun til þeirra sjónarmiða, sem reifuð hafa verið hér að framan, og upplýsinga sem fram koma um hvern og einn umsækjanda, sbr. kafla 5.1.

Með skírskotun til þessara sjónarmiða og upplýsinga, sem fram koma um hvern og einn umsækjanda í kafla 5.1., er það niðurstaða dómnefndar að *Árni Vilhjálmsson, Eiríkur Elís Þorláksson, Eyvindur G. Gunnarsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Reimar Pétursson og Stefán Geir Þórisson* komi allir til greina að verða metnir hæfastir umsækjenda samkvæmt þeim viðmiðum sem áður greinir. Nánar tiltekið eiga þeir Árni, Jóhannes Karl, Reimar og Stefán Geir að baki langan lögmannsferil, Árni lengst þeirra eða í 34 ár. Þeir hafa allir öðlast réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti og flutt fjölda mála, bæði í héraði og fyrir æðra dómi. Þá á Jóhannes að baki umtalsverða kennslu- og stjórnsýslureynslu og Reimar hefur lokið meistaraþrófi við erlendan háskóla. Allir framangreindir umsækjendur hafa fengist við önnur störf sem myndu nýtast vel í störfum dómenda við Endurupptökudóm.

Eiríkur Elís á að baki skemmri lögmannsreynslu en þeir sem áður eru nefndir þegar tekið er mið af því að aðalstarf hans frá 2012 hefur verið kennsla við lagadeild

Háskólans í Reykjavík. Hann hefur á hinn bóginn stundað kennslu í langan tíma, sinnt fræðistörfum, hefur töluverða reynslu af stjórnsýslustörfum, komið að undirbúningi og samningu lagafrumvarpa og lokið framhaldsprófi við erlendan háskóla.

Eyvindur á skemmri lögmannsreynslu að baki en hinir fyrrnefndu. Á móti kemur að hann hefur um mjög langt skeið haft með hendi lagakennslu og verið prófessor við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2013, sinnt fræðistörfum í umtalsverðum mæli og á öðru leyti að baki afar fjölbreytta starfsreynslu, þ. á m. í stjórnsýslunni, er getur nýst honum í umræddu starfi. Þá hefur hann lokið framhaldsnámi við erlendan háskóla.

Að áliti dómnefndar standa aðrir umsækjendur þessum sex að baki að því er varðar hæfni til að gegna embættum dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm. Dómnefnd tekur fram að í eftirfarandi umfjöllun felst enginn innbyrðis samanburður þeirra umsækjenda sem um ræðir.

Árni Ármann Árnason, Ásgeir Jónsson, Guðrún Björg Birgisdóttir, Jón Auðunn Jónsson, Sigurður Jónsson og Tómas Jónsson eiga það sammerkt að hafa að baki langan lögmannsferil, auk þess sem þau Guðrún Björg og Tómas hafa lokið meistaraþrófi frá erlendum háskólum. Að mati dómnefndar búa þau þó ekki yfir jafn fjölbreyttri og víðtækri starfsreynslu, sem myndi nýtast þeim í störfum við Endurupptökudóm, og þeir sem dómnefnd hefur metið hæfasta til þess.

Haukur Örn Birgisson á að baki fjölbreyttan starfsferil, en starfsreynsla hans er minni en þeirra sem að framan greinir. Hið sama gildir um *Þyri Steingrímsdóttur*. *Karl Ingi Vilbergsson* hefur einkum gegnt störfum á vegum ákærvalds stærstan hluta starfsferils síns að loknu lagaprófi og m.a. flutt sakamál fyrir dómi. Þá hefur hann síðastliðin ár gegnt embætti lögreglustjóra. Gildir hið sama um hann og aðra, sem dómnefnd telur að standi framangreindum sex umsækjendum að baki, hvað varðar hæfni til að gegna framangreindum embættum.

6. Frekara mat á hæfni sex umsækjenda

6.1. Menntun og framhaldsmenntun

Árni Vilhjálmsson lauk árið 1979 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og stundaði veturinn 1981 til 1982 meistaranám við Osgood Hall Law University í Toronto, en skilaði ekki lokaritgerð.

Eiríkur Elís Þorláksson lauk árið 2001 embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands og meistaraprófi árið 2008 frá King's College í Lundúnum.

Eyvindur G. Gunnarsson lauk 1996 árið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og meistaraprófi 1998 frá Duke University School of Law í Norður Karólínu.

Jóhannes Karl Sveinsson lauk árið 1993 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

Reimar Pétursson lauk árið 1998 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og meistaraprófi árið 2003 frá Columbia University School of Law í New York. Þá lauk hann árið 2004 prófi til öflunar lögmannsréttinda í New York og árið 2008 prófi til réttinda sem löggiltur verðbréfasali.

Stefán Geir Þórisson lauk árið 1990 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

6.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Reimar Pétursson* standi fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en hann hefur, að loknu embættisprófi í lögfræði, lokið meistaraprófi í lögum, prófi til að hljóta málflutningsréttindi í New York og prófi til að hljóta réttindi sem verðbréfamiðlari. Á eftir honum koma *Eiríkur Elís* og *Eyvindur*, en þeir hafa báðir, að loknu embættisprófi í lögfræði, lokið meistaraprófi í lögum. Á eftir þeim kemur *Árni*, sem lagði stund á framhaldsmenntun, en skilaði ekki lokaritgerð og síðan *Jóhannes Karl* og *Stefán Geir*, sem hafa báðir lokið embættisprófi í lögfræði.

6.2. Reynsla af dómstörfum

Árni Vilhjálmsson var fulltrúi sýslumannsins í Norður-Múlasýslu að loknu laganámi í júní árið 1979 til ágúst mánaðar árið 1981 og fékkst þar m.a. við dómstörf.

Hann hefur tvívegis verið settur dómari í Landsrétti og einu sinni í Hæstarétti. Þá hefur hann verið gerðarmaður í einu máli.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur einu sinni setið í gerðardómi.

Eyvindur. G. Gunnarsson hefur verið settur dómari í tíu málum í Hæstarétti og var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur um tveggja ára skeið. Hann hefur verið gerðarmaður í Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands og gerðardómi á vegum Lagastofnunar og verið gerðarmaður ad hoc, samtals í fimm málum.

Jóhannes Karl Sveinsson hefur verið gerðarmaður, þ. á m. formaður gerðardóms, í allnokkrum málum.

Reimar Pétursson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Stefán Geir Þórisson sat í gerðardómi í tveimur málum á árunum 2009 til 2010 og 2015. Þá hefur hann verið gerðardómari við Alþjóða íþróttadómstólinn frá 2017 og tekið þar þátt í meðferð nokkurra mála.

6.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framsögðu hafa tveir umsækjenda einhverja reynslu af dómstörfum við almenna dómstóla, en fjórir þeirra reynslu af gerðardómstörfum. Sýnilega mesta reynslu að þessu leyti hefur *Eyvindur* sem hefur verið settur sem dómari í tíu málum í Hæstarétti Íslands, gegnt starfi aðstoðarmanns dómara um tveggja ára skeið og setið sem gerðarmaður í nokkrum málum. Næstur kemur *Árni*, en hann fékkst, þótt langt sé um liðið, við dómstörf sem fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns í rúm tvö ár og hefur verið settur sem dómari við æðri dómstóla í þremur málum. Þar á eftir koma *Jóhannes Karl* og *Stefán Geir* og eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra. Á eftir þeim kemur *Eiríkur Elís* og sem áður segir hefur *Reimar* ekki reynslu af dómstörfum.

6.3. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum*

Árni Vilhjálmsson öðlaðist árið 1983 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og árið 1990 fyrir Hæstarétti Íslands. Hann öðlaðist árið 2005 réttindi til málareksturs hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (European Patent Attorney). Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður frá 1983 til 1992 og hefur starfað sem slíkur frá 1995 til þessa dags, þar af frá 1985 sem einn eigenda lögmannsstofu. Hann hefur því verið sjálfstætt

starfandi lögmaður í 34 ár. Hann hefur flutt allt að 60 mál fyrir Hæstarétti, þrjú mál fyrir Landsrétti, tvö mál fyrir gerðardómi og jafnmörg mál fyrir EFTA-dómstólnum. Þá hefur hann, samhliða málflutningsstörfum, sinnt lögfræðilegri ráðgjöf við einstaklinga, innlend og erlend fyrirtæki, samtök fyrirtækja, sveitarfélög og aðrar opinberar stofnanir. Mest hefur hann látið til sín taka mál sem tengjast Evrópurétti, hugverkarétti, samkeppnisrétti, samningarétti og erfðarétti.

Eiríkur Elís Þorláksson öðlaðist árið 2002 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og árið 2008 fyrir Hæstarétti Íslands. Hann starfaði sem lögmaður frá 2002 til 2012, en hefur frá því ári til þessa dags sinnt lögmannsstörfum í hlutastarfi. Telur hann hlutfall þeirra starfa sinna frá 2012 vera um 20 til 30%. Í árum talið teljast það vera um tvö ár. Lögmannsreynslu hans verður því í heild jafnað til u.þ.b. 12 ára. Hann hefur flutt vel yfir hundrað mál fyrir dómstólum á öllum dómstigum, bæði einkamál og sakamál, auk þess að flytja mál fyrir gerðardómi.

Eyvindur. G. Gunnarsson öðlaðist árið 1997 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og árið 2006 fyrir Hæstarétti Íslands. Hann var starfandi lögmaður frá 2000 til 2006 eða í sex ár og hefur flutt um 50 mál fyrir dómi.

Jóhannes Karl Sveinsson öðlaðist árið 1994 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og árið 2000 fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur starfað sem lögmaður frá árinu 1994 til þessa dags eða í 26 ár. Hann hefur flutt fjölda viðamikilla mála fyrir dómi á flestum réttarsviðum, aðallega einkamál, en einnig sakamál, 142 mál fyrir Hæstarétti og 17 mál fyrir Landsrétti. Einnig hefur hann flutt níu mál fyrir EFTA-dómstólnum og þrjú alþjóðleg gerðardómsmál fyrir opinberar stofnanir. Þá hafa ýmis ráðgjöf, hagsmunagæsla og samningagerð verið fyrirferðarmikil í lögmannsstörfum hans.

Reimar Pétursson öðlaðist árið 1998 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og árið 2004 fyrir Hæstarétti Íslands. Hann starfaði sem lögmaður frá 1998 til 2005. Á árunum 2005 til 2010 var hann lögmaður umsvifamikils fyrirtækis og fjárfestingabanka og fékkst þar við margvísleg störf, þ. á m. flókna viðskiptasamninga. Hann hefur síðan frá árinu 2010 til þessa dags verið starfandi lögmaður. Þegar tekið er mið af því hléi, sem varð á málflutningsstörfum hans frá 2005 til 2010, spannar samanlagður tími á því sviði um 17 ár. Hann hefur frá árinu 2010 helgað sig málflutningsstörfum og hefur flutt

119 mál fyrir Hæstarétti, bæði einkamál og sakamál, 12 mál fyrir Landsrétti og tvö mál fyrir EFTA-dómstólnum. Mörg þessara mála hafa verið viðamikil.

Stefán Geir Þórisson öðlaðist árið 1992 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og árið 1998 fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur starfað sem lögmaður frá árinu 1992. Á lögmannsferli sínum, sem spannar 28 ár, hefur hann fengist við fjölbreytt réttarsvið og flutt fjölda viðamikilla mála. Hann hefur flutt um 150 mál fyrir Hæstarétti og Landsrétti, 11 mál fyrir EFTA-dómstólnum, þ. á m. mál Erlu Sveinbjörnsdóttur, sem var fordæmisgefandi um skaðabótaskyldu EES/EFTA-ríkja á grundvelli EES-reglna, og fjögur mál fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.

6.3.1. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður*

Allir umsækjendur hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er litið til þess hve langan feril þeir eiga að baki sem lögmennt, en einnig horft til þess hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við viðamikil mál á sem flestum réttarsviðum, einkum með málflutningi eða rekstri dómsmála. Einnig verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum áður en þeir fengu lögmannsréttindi. Þá er tekið mið af því að sumir umsækjenda sinntu öðrum viðfangsefnum samhliða lögmannsstörfum, en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats, svo sem viðamikil stjórnsýslustörf og kennsla.

Samkvæmt framansögðu standa *Jóhannes Karl*, *Reimar* og *Stefán Geir* fremstir umsækjenda í þessum matsþætti vegna fjölpættra starfa þeirra sem sjálfstætt starfandi lögmennt, *Jóhannes Karl* í 26 ár og *Stefán Geir* í 23 ár, og flutnings fjölda viðamikilla mála fyrir íslenskum og fjölþjóðlegum dómstólum. Enda þótt lögmannsferill *Reimars* sé skemmri en hinna tveggja kemur á móti að hann hefur á síðari árum flutt töluvert fleiri viðamikil mál fyrir æðri dómi, bæði einkamál og sakamál. Eru ekki efni til að gera upp á milli lögmanns- og málflutningsreynslu þessara þriggja umsækjenda. Á eftir þeim kemur *Árni*, sem á 34 ára fjölpættan lögmannsferill að baki, en hefur ekki í sama mæli og áður nefndir umsækjendur fengist við málflutningsstörf. Þá kemur *Eiríkur Elís*, sem einnig á fjölpættan lögmannsferil að baki, en ekki eins langan og þeir er áður eru nefndir, og síðan *Eyvindur* sem á að baki skemmstan lögmannsferil.

6.4. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnarsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Árni Vilhjálmsson starfaði í viðskiptaráðuneytinu frá 1. september 1982 til 31. maí 1983 þar sem helstu störf hans voru málefni GATT, OECD og tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið. Hann starfaði frá 15. september 1992 til 31. júlí 1995 sem sérfræðingur í samkeppnisdeild Eftirlitsstofnunar EFTA í Brussel þar sem hann tók þátt í uppbyggingu stofnunarinnar og samkeppnisdeildarinnar frá upphafi. Bar hann þar ábyrgð á málsmeðferð allra mála sem voru til umfjöllunar hjá deildinni, auk ábyrgðar á efnislegri meðferð einstakra mála. Hann var settur „hearing officer“ í tveimur samkeppnismálum sem til rannsóknar voru hjá stofnuninni, en það starf felur m.a. í sér að stjórna munnlegri meðferð („oral hearings“) í stærri málum sem eru til meðferðar. Þá gegndi hann frá 1. janúar 1995 starfi forstöðumanns deildarinnar (Director) og var varastjórnarmaður (ad-hoc College Member) hjá Eftirlitsstofnun EFTA á árunum 1997 til 2003.

Eiríkur Elís Þorláksson var á árunum 2001 til 2002 lögfræðingur hjá óbyggðanefnd um tíu mánaða skeið og kom m.a. að samningu fyrstu úrskurða nefndarinnar. Þá hefur hann frá 2010 verið varamaður í nefndinni og tekið sæti í einu máli. Hann starfaði frá 2002 til 2007 sem ritari kærunefndar útboðsmála og samdi drög að úrlausnum í málum. Hann hefur frá árinu 2016 verið varaformaður nefndar um dómastörf og hefur átt sæti í einu máli þar sem hann samdi drög að niðurstöðu. Hann hefur verið deildarforseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík frá árinu 2019, í rannsóknarráði hennar og skólans, svo og valnefnd vegna ráðningar akademískra starfsmanna, þar sem gæta hefur þurft að reglum stjórnarsýsluréttar við afgreiðslu einstakra mála.

Eyvindur. G. Gunnarsson starfaði að loknu lagaprófi 1996 um rúmlega eins árs skeið í viðskiptaráðuneytinu þar sem meginhluti starfs hans fólst í að semja úrskurði á ábyrgð ráðherra í skipulags- og byggingarmálum og málum vegna mats á umhverfisáhrifum, alls um 20 úrskurði. Hann starfaði á árinu 2000 í um sex mánuði sem sérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, en það starf fólst að miklu leyti

í undirbúningi lagasetningar. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála frá 2007 til 2013 og sat þar í 90 málum. Þá var hann frá 2013 til 2017 varamaður í Endurupptökunefnd og tók þar sæti í nokkrum málum. Á árinu 2002 sat hann í samkeppnisráði ad hoc í tveimur málum. Þá var var forseti lagadeildar Háskóla Íslands um þriggja ára skeið. Hann hefur frá 2013 setið í ráðgjafanefnd Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða og verið formaður hennar frá 2015, formaður viðurlaganefndar Nasdaq Iceland hf. frá 2013 og frá 2007 formaður fastanefndar dómsmálaráðuneytis á sviði happdrættismála. Að auki hefur hann setið í vísindanefnd lagadeildar Háskóla Íslands, vísindanefnd félagsvísindasviðs hans, jafnréttisnefnd sama sviðs, dómnefndum, prófnefndum, valnefndum og sjálfsmatsnefndum.

Jóhannes Karl Sveinsson var formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 2009 til 2019 og samdi jafnan drög að forsendum úrskurða nefndarinnar, á bilinu sex til 16 úrskurðir ár hvert. Þá hefur hann verið formaður áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar um nokkurra ára skeið. Hann var í janúar 2018 skipaður formaður starfshóps til að endurskoða reglur um launafyrirkomulag þingmanna, ráðherra og dómara sem skilaði af sér tillögum í febrúar sama ár í formi skýrslu sem hann samdi drög að. Þá var hann á árinu 2019 skipaður í starfshóp á vegum sjávarútvegsráðherra til að bregðast við dómum Hæstaréttar í desember 2018 um ólögsmæti fyrirkomulags veiðistjórnunar á makríl og skilaði hópurinn tillögum að lagabreytingum í byrjun mars 2019. Hann var og ráðgjafi stjórnvalda eftir fall bankanna árið 2008, fyrst sem formlegur starfsmaður Fjármálaeftirlitsins í október og nóvember 2008. Fólst starfið í aðstoð við stjórn fyrrnefndrar stofnunar sem tók ákvarðanir um skiptingu hina föllnu banka og ýmis framkvæmdaatriði því tengdu.

Reimar Pétursson var á árinu 2004 skipaður ad hoc í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna máls sem þar var til meðferðar. Þá hefur hann nýverið tvívegis, að tilnefningu Hæstaréttar, verið skipaður ad hoc í dómnefnd skv. III. kafla laga um dómstóla, annars vegar vegna setningar tveggja dómara í Landsrétti og hins vegar embættis dómara við Hæstarétt. Einnig var hann á árinu 2004 skipaður ad hoc í máli hjá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Stefán Geir Þórisson starfaði um eins árs skeið í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá starfaði hann á lagaskrifstofu Eftirlitsstofnunar EFTA í um tvö og hálf ár og tók þátt í því að koma stofnuninni á laggirnar. Á árinu 2005 tók hann sæti forstjóra Samkeppniseftirlitsins í einu stjórnslumáli. Hann hefur frá 2013 átt sæti í Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum og tæknilausnum Mílu ehf. og heildsölu Símans hf., auk þess sem hann var á árinu 1998 settur nefndarmaður í einu máli fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Þá var hann formaður nefndar vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES-samninginn sem skilaði af sér skýrslu í ágúst 2018.

6.4.1. *Reynsla af stjórnslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnslustörfum. Innbyrðis eru þau þó afar ólík, t.d. er Háskóli Íslands ríkisstofnun, sem lýtur í starfsemi sinni reglum stjórnsluréttar, en Háskólinn í Reykjavík er rekinn sem sjálfseignarstofnun þar sem aðeins reynir á þær reglur með óbeinum hætti. Í ýmsum tilvikum hafa þessi störf þó verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt við mat á hæfni vegna stjórnslureynslu. Þá skiptir máli hvort um sé ræða störf sem nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010, en í því efni ber meðal annars að líta til þátttöku í úrskurðarnefndum sem hafa með höndum úrlausn mála sem að nokkru má jafna til dómsmála. Í því sambandi verður þó að gera greinarmun á því hvort umsækjandi hefur tekið þátt í starfi nefndar sem ritari eða aðstoðarmaður eða hvort hann hefur unnið að úrlausn í eigin nafni og á eigin ábyrgð. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma.

Að þessu virtu er það mat dómnefndar að *Eyvindur*, einkum vegna starfa hans í ráðuneytum og samningar úrskurða í um eins og hálf árs skeið, setu hans í áfrýjunarnefnd neytendamála í um sex ár í tugum mála og víðtækrar stjórnslureynslu að öðru leyti, og *Jóhannes Karl*, einkum vegna setu hans sem formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í um tíu ára skeið þar sem hann hefur samið drög að niðurstöðum tuga úrskurða og borið á þeim ábyrgð sem formaður,

standi hér fremstir. Á eftir þeim kemur *Árni* vegna starfa hans í ráðuneyti í níu mánuði og tæplega þrjú ár sem sérfræðingur í samkeppnisdeild Eftirlitsstofnunar EFTA, þar sem hann tók þátt í uppbyggingu stofnunarinnar og samkeppnisdeildarinnar frá upphafi, og annarra ábyrgðarstarfa þar. Næstur honum kemur *Stefán Geir*, einkum vegna starfa hans í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins um eins árs skeið og starfa hans í Eftirlitsstofnun EFTA í um tvö og hálf ár. Þar á eftir kemur *Eiríkur Elís* og síðan *Reimar*.

6.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

6.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Árni Vilhjálmsson kenndi á árunum 1986 til og með 1988 lögfræði við Tækniskóla Íslands, en skólinn var á þeim tíma ekki á háskólastigi. Þá hefur hann í nokkur skipti sinnt kennslu hjá Endurmenntun Háskóla Íslands um ýmis lögfræðileg efni, svo sem stofnun fyrirtækja, hugverkarétt og erlendar fjárfestingar. Þá kenndi hann í desember 2018 og janúar 2019 einkaleyfa- og vörumerkjarétt við Háskólann í Reykjavík.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur sinnt kennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík sl. rúmlega átta ár á sviði fjármunaréttar, einkamálaréttarfars, fullnusturéttarfars, skuldaskilaréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar. Þá annaðist hann stundakennslu við viðskiptadeild Háskóla Íslanda á árunum 2002 til 2007 og árin 2012 til 2014 við lagadeild Háskólans á Bifröst. Auk þess hefur hann frá árinu 2017 kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Hann hefur og verið leiðbeinandi í 20 BA- og meistararitgerðum við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Eyvindur. G. Gunnarsson hóf haustið 1999 kennslu við lagadeild Háskóla Íslands sem stundakennari. Hann varð í ársbyrjun 2005 lektor við deildina, fyrst í hlutastarfi, en fullu starfi í árslok 2006, dósent árið 2010 og hefur verið prófessor þar frá árinu 2013. Þegar hann starfaði sem stundakennari kenndi hann eignarétt, kröfurétt, alþjóðlegan einkamálarétt og samningarétt. Þá hefur hann frá árinu 2007 kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður, frá árinu 1998 í námi til löggildingar fasteignasala og einnig á námskeiðum á vegum Lögmannafélags

Íslands. Auk þess hefur hann leiðbeint fjölda nemenda við meistararitgerðir á háskólastigi.

Jóhannes Karl Sveinsson stundaði á árunum 1994 til 2011 allmikla kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Í fyrstu kenndi hann þar námskeiðið Leigurétt um nokkurra ára bil. Þá kenndi hann skaðabótarétt í Inngangi að lögfræði á árunum 2002 til 2005. Eftir það tók við kennsla í útboðs- og verktakarétti þar sem hann skipulagði námskeiðið og lagði til námsefni. Hann var aðjúnkt við deildina til 2011. Auk þessa kenndi hann frá 2005 til 2010 á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Þá skipulagði hann með öðrum námsbraut fyrir tæknimenntað fólk við Endurmenntun Háskóla Íslands sem ber heitið Mannvirkjagerð, en um er að ræða fjögurra anna nám þar sem tekið er á ýmsum atriðum er snerta áætlanagerð, samninga, réttarstöðu og ábyrgð í tengslum við mannvirkjaiðnaðinn. Hann hefur kennt á þessu námskeiði og haft umsjón með einni önn af fjórum frá árinu 2012.

Reimar Pétursson hefur ekki reynslu af kennslu á háskólastigi.

Stefán Geir Þórisson var á árunum 1992 til 1997 stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands, en frá þeim tíma var hann prófdómari í evrópurétti um þriggja ára skeið, auk þess að vera leiðbeinandi við ritun þriggja meistararitgerða við sama skóla. Hann hefur einnig frá árinu 2004 sinnt stundakennslu í evrópurétti, mismikið milli ára, við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hann hafði haustið 2005 umsjón með námskeiði á sviði réttarfars sem aðjúnkt við sama skóla. Þá hefur hann annast kennslu á stuttum námskeiðum.

6.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu skarar *Eyvindur* fram úr öðrum umsækjendum á þessu sviði. Hann hefur um 13 ára skeið verið í fullu starfi sem lektor, dósent og prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Þar áður hafði hann verið stundakennari við deildina í um fimm ár og annast þar umfangsmikla kennslu, auk þess sem hann var lektor í hlutastarfi þar í um eitt ár. Þá hefur hann í 13 ár kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Á eftir honum kemur *Eiríkur Elís* sem hefur um átta ára skeið starfað sem kennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík, auk þess sem hann hefur í sjö ár verið stundakennari á háskólastigi og kennt í þrjú ár á

námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Þar á eftir kemur *Jóhannes Karl* sem sinnti um 17 ára skeið allviðamikilli stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands og kenndi í fimm ár á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður, auk þess sem hann skipulagði námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og hefur kennt á því frá árinu 2012. Á eftir honum kemur *Stefán Geir*, þá *Árni* og eins og áður greinir hefur *Reimar* ekki reynslu af kennslu á háskólastigi.

6.5.2. Útgefna greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Árni Vilhjálmsson hefur ritað eina grein um lögfræði, en hún var um hugverkaréttindi og birtist árið 1992 í afmælisriti Gizurar Bergsteinssonar. Þá hefur hann verið frummælandi á ráðstefnum, bæði hér á landi og erlendis.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur ritað tvær bækur um lögfræði, Alþjóðlegan einkamálarétt, sem kom út árið 2019, og Bráðabirgðagerðir, sem staðist hefur ritrýni, en hefur ekki verið gefin út. Þá hefur hann ritað 12 ritrýndar greinar og fimm óritrýnar greinar, ritgerðir og bókarkafli, bæði einn og sem meðhöfundur, sem birst hafa hér á landi og erlendis. Hann hefur og flutt allmarga fyrirlestra, bæði hér á landi og erlendis, um ýmis lögfræðileg efni og ritrýnt að lágmarki í tíu skipti fræðigreinar og bókarkafli.

Eyvindur. G. Gunnarsson er höfundur og meðhöfundur að sex útgefnum bókum um lögfræði og rúmlega 40 greinum og bókarköflum þar um sem birst hafa í tímaritum og afmælisritum, bæði hér á landi og erlendis. Þá hefur hann ritað viðamiklar skýrslur og álitsgerðir sem birst hafa opinberlega. Enn fremur hefur hann sinnt umfangsmikilli ritstjórn, ritrýnt tugi fræðilegra greina og þrjár bækur.

Jóhannes Karl Sveinsson var í ritstjórn Lögmannablaðsins árin 1999 til 2001 og ritaði þá ýmsar styttri greinar um lögfræðileg málefni. Hann samdi árið 1999 bók um fasteignaleigu (skýringarrit um húsaleigulög-Leiguréttur II) og árið 2004 stutta bók á sviði verktakaréttar undir heitinu Viðbótarkröfur verktaka í verksamningum. Þá hefur hann ritað tvær ritrýndar greinar um lögfræði og flutt allmarga fyrirlestra þar um, bæði hér á landi og erlendis.

Reimar Pétursson hefur ritað átta fræðigreinar um lögfræði. Hann hefur haldið fjölda fyrirlestra um lögfræðileg efni á vettvangi félagasamtaka og háskóla, á

málþingum og annars staðar. Þá hefur hann ritað allmargar styttri greinar um lögfræðileg málefni sem birst hafa í dagblöðum.

Stefán Geir Þórisson hefur ritað einn ritrýndan bókarkafli og eina óritrýnda grein um lögfræðileg efni, auk tveggja styttri greina sem birtust í Lögmannablaðinu. Þá tilgreinir hann í umsókn sinni sjö erindi og fyrirlestra sem hann hefur flutt hér á landi og erlendis um lögfræði.

6.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem geta bæði verið fræðirit og greinar. Sumt efnið er ritrýnt og annað ekki, en taka ber tillit til þess að framan af voru fræðigreinar, sem birtust í íslenskum tímaritum, ekki ritrýndar. Við matið er litið til fjölda, umfangs og fjölbreytni fræðiskrifa hlutaðeigandi umsækjanda. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlestrum sem umsækjendur hafa flutt. Síðastnefndi þátturinn vegur þó ekki eins þungt og útgefið efni.

Samkvæmt framansögðu skarar *Eyvindur* fram úr öðrum umsækjendum í þessum þætti matsins. Næstur kemur *Eiríkur Elís*. Á eftir honum kemur *Jóhannes Karl*, þá *Reimar*, á eftir honum *Stefán Geir* og síðan *Árni*.

6.6. Reynsla af stjórnun

Árni Vilhjálmsson bar í starfi sínu hjá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetanum á Seyðisfirði sem fulltrúi hans og staðgengill ábyrgð á stjórn lögreglu og tollgæslu. Hann hefur verið framkvæmdastjóri og stjórnarmaður á lögmannsstofum og gegnt þar margvíslegum stjórnunarstörfum, bæði sem framkvæmdastjóri hjá A&P Lögmennum og stjórnarmaður LOGOS lögmannsstofu. Þá hefur hann setið í stjórn margra hlutafélaga og annarra félaga. Hann var um árabíl stjórnarmaður og stjórnarformaður Árnason/Faktor ehf. Þá sat frá 1987 til 1989 í stjórn Félags umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja og var frá 1. október 1982 til ársloka 1984 varaformaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Eiríkur Elís Þorláksson sat sem einn eigenda lögmannsstofunnar Lex í stjórn hennar frá 2006 til 2007. Hann var stjórnarformaður Stoða hf. frá 2009 til 2014 og hefur frá árinu 2019 setið í varstjórn félagsins. Þá sat hann frá 2011 til 2013 í stjórn

Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Auk þessa hefur hann haft með hendi stjórnunarstörf í lagadeild Háskólans í Reykjavík og verið deildarforseti hennar frá 2019.

Eyvindur. G. Gunnarsson var frá 2013 til 2016 deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands og hefur verið varaformaður Lagastofnunar hans. Hann hefur frá árinu 2007 verið stjórnarformaður Happraættis Háskóla Íslands og sat í fjögur ár í aðalstjórn Samkeppniseftirlitsins, þar af sem formaður hennar um eins árs skeið, og átta ár í varastjórn stofnunarinnar.

Jóhannes Karl Sveinsson var frá hausti 1992 til sumars 1993 skrifstofustjóri Landsnefndar Alþjóðavæslunarráðsins (ICC) á Íslandi. Hann hefur verið stjórnarformaður lögfræðistofunnar Landslaga frá árinu 2010 og var framkvæmdastjóri hennar í fimm ár þar á undan. Þá var hann stjórnarformaður Lyfju hf. á árunum 2004 til 2010 og um leið í stjórn Portfarma ehf. Einnig hefur hann um styttri tíma verið stjórnarmaður í öðrum félögum, svo sem Samkaupum hf. og N1 hf.

Reimar Pétursson hefur frá árinu 2010 til þessa dags rekið eigin lögmannsstofu. Hann var um árabil framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Atorku fjárfestingarfélags hf. Þá hefur hann setið í stjórn fjölda atvinnufyrirtækja, þ. á m. Fjarskipta ehf. (nú Sýn hf.) frá 24. janúar 2011 til 9. nóvember 2012 og Creditinfo Group hf. frá 31. mars 2008 til 16. ágúst 2011.

Stefán Geir Þórisson hefur komið að rekstri lögmannsstofa í 23 ár, þar af lengst sem framkvæmdastjóri tveggja lögmannsstofa fimmta hvert ár. Þá var hann formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES-samninginn og varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Stoke City FC í Englandi frá 2000 til 2006.

6.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin og hve lengi þeir hafa sinnt þeim störfum.

Að framangreindu virtu eru ekki efni til að gera upp á milli umsækjenda í þessum matsþætti.

6.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Árni Vilhjálmsson stóð á árinu 1986 að stofnun Samtaka um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI) og var formaður samtakanna í samtals 16 ár. Tilgangur samtakanna var m.a. að stuðla að þróun löggjafar og lagaframkvæmdar, auka þekkingu atvinnulífsins og félagsmanna á löggjöf um einkaleyfi, vörumerki og hönnun í því skyni að örva nýsköpun. Hann var tvívegis, 1992 og 2002, í fyrirsvari fyrir norrænum ráðstefnum (NIR) hér á landi um þessa grein hugverkaréttinda og þá kom hann einnig árið 2014 að þriðju ráðstefnunni á vegum þessara samtaka. Hann var á árinu 2002 formaður nefndar á vegum iðnaðarráðherra sem samdi frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna sem varð að lögum nr. 72/2004. Hann hefur gegnt nokkrum embættum hjá European Patent Institute (EPI); sem ráðstefnumeðlimur (Council Member) 2005 til 2008, ritari aganefndar (Disciplinary Committee) 2011 til 2014 og í kjörstjórn stofnunarinnar frá árinu 2010 til þessa dags. Um skylduaðild er að ræða fyrir þá einkaleyfasérfræðinga (European Patent Attourney) sem eru á skrá hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (European Patent Office–EPO), en það eru um 13.000 meðlimir í 38 löndum. Einnig hefur hann setið í áfrýjunarnefnd agamála (Disciplinary Board) hjá EPO frá 2014, en sú nefnd hefur vald til að beita einkaleyfasérfræðinga agaviðurlögum vegna brota á siðareglum sem settar eru með heimild í Evrópska einkaleyfasamningnum. Málafjöldi er á bilinu fimm til tíu mál ár hvert.

Eiríkur Elís Þorláksson aðstoðaði við gerð frumvarps er síðar varð að lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup. Þá hefur hann komið fyrir þingnefndir og veitt álit um lagafrumvörp. Hann hefur að lágmarki fimmtíu sinnum verið dómkvaddur sem matsmaður og yfirmatsmaður í skaðabótamálum. Einnig hefur hann verið tilnefndur sem sérfræðivitni í erlendum dómsmálum í Englandi og Svíþjóð, en málin vörðuðu skýringar á ákvæðum íslenskra laga á ýmsum réttarsviðum. Hann var framkvæmdastjóri Bókaútgáfunnar Codex (áður Bókaútgáfa Orators) á árunum 1999 til 2001 og sat í stjórn útgáfunnar frá 2002 til 2007, þar af sem formaður frá 2005 til 2007. Þá hefur hann setið í stjórn gerðardóms Viðskiptaráðs frá 2012.

Eyvindur. G. Gunnarsson hefur mikla reynslu af samningu lagafrumvarpa fyrir ráðuneyti, ýmist einn eða með öðrum, auk þess sem hefur oftsinnis verið óformlega til

ráðgjafar. Þá hefur hann setið í nefndum og verið starfsmaður nefnda sem hafa haft það hlutverk að semja lagafrumvörp. Hefur hann þannig komið að vinnu við 14 lagafrumvörp á ýmsum sviðum. Hann hefur verið dómkvaddur sem matsmaður og yfirmatsmaður í um 60 málum, einkum málum vegna líkamstjóna, en einnig um flókin álitafni, svo sem fasteignaréttindi, vatnsréttindi, landskipti, útboð vegna einkavæðingar o.fl. Einnig var hann margoft skipaður sérfræðivitni (um 20 mál) til að bera um inntak íslensks réttar fyrir erlendum dómstólum í kjölfar bankahrunsins 2008, fyrst og fremst í Englandi og Bandaríkjunum, en einnig í Luxemborg, Hollandi, Kanada og Sviss. Álitsgerðir voru samdar á ensku, oftast um flókin lögfræðileg efni og sumar þeirra mjög umfangsmiklar. Þar reyndi mjög á réttarfar, bæði skv. íslenskum lögum og alþjóðlegum samningum, gjaldþrotaskiptarétt, samninga- og kröfurétt, félagarétt og löggjöf á fjármálamarkaði. Einnig hefur hann tvívegis verið sérfræðivitni um íslenskan rétt fyrir gerðardómi Alþjóða verslunarráðsins (International Chamber of Commerce) þar sem reyndi á réttarfar, samninga- og kröfurétt og félagarétt. Þá hefur hann samið fjölda álitsgerða, bæði fyrir opinberar stofnanir og einkaaðila, sem sumar hafa birst opinberlega, þar sem í mörgum tilvikum hafa verið tekin til skoðunar flókin lögfræðileg álitamál, svo sem fasteignaréttindi, kröfuréttindi, þ. á m. fyrning, vextir, gjaldeyrismál, stjórnskipuleg álitamál og málefni lífeyrissjóða. Hann var og lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparissjóðanna. Fólu þau störf í sér umfangsmikla greiningu, yfirheyrslur, skrif o.fl. Jafnframt var hann lengi ráðgjafi Kauphallar Íslands (síðar Nasdaq Iceland), einkum í tengslum við bankahrúnið.

Jóhannes Karl Sveinsson var árið 2009 ráðinn hjá fjármálaráðuneytinu sem lögfræðilegur ráðgjafi við samninga á milli gömlu og nýju bankanna vegna endurgjalds fyrir eignir er fluttar voru til nýju bankanna og lauk því starfi snemma árs 2010. Að því búnu tók hann sæti í samninganefnd íslenska ríkisins er skyldi leitast við að ná samningum við hollensk og bresk stjórnvöld. Er samningur þar um var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í apríl 2011 tóku við störf er tengdust þáverandi efnahags- og viðskiptaráðuneyti gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Eftir að sú stofnun hóf sammingsbrotamál gegn Íslandi var hann aðstoðarmálflutningsmaður (co-counsel)

aðalmálflutningsmanns Íslands fyrir EFTA-dómstólnum í svonefndu Icesave máli. Í framangreindum störfum fólst jafnframt að taka þátt í gerð draga að lagafrumvörpum, svo sem neyðarlaga nr. 125/2008 og fleiri laga, gera athugasemdir og veita álit um einstök atriði er tengjast samþýðanleika við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Umsækjandi getur í umsókn sinni alls átta frumvarpa, sem urðu að lögum, þar sem hann hefur komið að samningu eða veitt ráðgjöf. Þá hefur umsækjandi frá 2015 sinnt aukastörfum á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, einkum í Austur-Evrópu og einnig þremur ríkjum í Karíbahafinu. Hann sat í stjórn Körfuknattleikssambands Íslands frá 1998 til 2003 og hefur komið að stjórn körfuknattleiksdeildar ÍR með hléum allt frá árinu 1998. Þá sat hann í stjórn Lögmannafélags Íslands í tvö ár og ritstýrði Lögmannablaðinu til sama tíma.

Reimar Pétursson var frá 2013 til 2015 formaður laganefndar Lögmannafélags Íslands og frá þeim tíma til 2018 formaður félagsins. Þegar hann var formaður laganefndar veitti nefndin umsögn um 17 lagafrumvörp, sem lögð höfðu verið fyrir Alþingi, og fjögur frumvörp er innanríkisráðuneytið vann að. Þá var gerð breyting á siðareglum félagsins. Í tíð hans sem formaður Lögmannafélags Íslands um fimm ára skeið þurfti stjórn félagsins að taka á nokkrum fremur þungum málum sem gerð eru skil í umsókn hans. Í tveimur þeirra gekk dómur í Hæstarétti. Þá gekkst umsækjandi sem formaður félagsins fyrir stofnun margvíslegra vinnuhópa til að fjalla um og skrifa skýrslur um tiltekin mál, svo sem gjafsóknarreglur, starfsumhverfi lögmannna, áhrif fjölskylduábyrgðar og um aðgang sakaðra manna að gögnum.

Stefán Geir Þórisson sat frá 2005 til 2007 í stjórn Lögmannafélags Íslands. Hann var frá 1996 til 2008 varaformaður stjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings. Þá sat hann frá 2007 til 2017 í félagaskiptanefnd Knattspyrnusambands Íslands. Einnig átti hann sæti í nefnd, skipaðri af fjárlaganefnd Alþingis, til að meta drög að samningi vegna Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. og skilaði nefndin af sér álit árið 2010.

6.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti koma til álita þau störf sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem reynslu af lögmanns- og stjórnarsýslustörfum. Hafi umsækjandi t.d. komið að samningu lagafrumvarpa sem

starfsmaður ráðuneytis vegur það af þeim sökum ekki eins þungt hér og vinna við frumvarpsgerð sem sinnt er meðfram öðru starfi.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla hér undir, telst *Eyvindur* standa fremstur umsækjenda á þessu sviði vegna afar fjölbreyttra og viðamikilla aukastarfa. Næstur honum kemur *Jóhannes Karl*, þá koma jafnsettir *Árni*, *Eiríkur Elís* og *Reimar* og loks *Stefán Geir*.

6.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgerði

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Eins og áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær kröfur sem gera verður til starfshæfni dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

6.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af

röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi. Samkvæmt 6. mgr. 54. gr. dómstólalaga, eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 47/2020, skal sá hæstaréttardómari, sem skipaður er í Endurupptökudóm, vera forseti hans og dómsformaður þegar hann tekur þátt í meðferð máls og þegar hann tekur ekki þátt í meðferð máls tekur sá landsréttardómari eða héraðsdómari, sem skipaður er í dóminn, sæti dómsformanns. Reynir því ekki sérstaklega á stjórnun þinghalda eða annað, er að framan greinir, hvað varðar framangreinda umsækjendur.

6.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á sviði réttarfars.

Allir umsækjendur hafa sýnt með framangreindum störfum sínum að þeir hafa öðlast mjög gott vald á réttarfarsreglum. Er það niðurstaða dómnefndar að ekki séu efni til að gera upp á milli þeirra í þessum matsþætti.

6.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirætlum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu

Í 4. gr. reglna nr. 970/2010 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirætlum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af greinargerðum og stjórnsýsluúrskurðum umsækjanda má t.d. ráða hve gott vald hann hefur á réttarfarsreglum og hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls

og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Eins og áður greinir var í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 fundið að því að dómnefnd, sem mat hæfni umsækjenda um 15 embætti landsréttardómara, hafi ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins þeirra til að semja dóma. Í samræmi við þessa athugasemd Hæstaréttar hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjenda á þessu sviði, fyrst og fremst á grundvelli fyrirliggjandi dómsúrlausna og eftir atvikum greinargerða þeirra fyrir æðra dómi. Ekki hefur aðeins verið horft til framlaga, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra framlaga þeirra, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er sú að allir umsækjendur hafi sýnt með umræddum framlögum sínum að þeir séu vel færir um að semja dóma í samræmi við fyrrgreind ákvæði réttarfarslaga. Eru að mati dómnefndar ekki efni til að gera upp á milli þeirra.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda, tveir eða fleiri, séu hæfastir til að gegna þeim embættum dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum. Sem áður greinir verður almennt ekki litið til dómsúrlausna við mat á hæfni umsækjenda þótt hafa megi hliðsjón af setu þeirra í einstökum dómsmálum, þ.m.t. gerðardómsmálum. Á hinn bóginn er fært að líta til stjórnsýsluúrskurða, sem umsækjendur hafa samið drög að og þar sem á kunnáttu hefur reynt til að leysa úr ágreiningsmálum, ellegar stefna, greinargerða og annars sambærilegs framlags þar sem þeir hafa þurft að greina slík viðfangsefni og færa eftir atvikum viðhlítandi rök að tiltekinni niðurstöðu.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum dómenda við Endurupptökudóm skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnarsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einhver munur kunni að vera á þeim. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Eins og áður segir er það mat dómnefndar, sbr. kafla 6.9.2., að allir umsækjendur hafi sýnt það með framlögum sínum að þeir séu vel færir um að semja dóma. Er það niðurstaða dómnefndar að umsækjendur hafi allir öðlast þá lagaþekkingu og starfsreynslu, sem gera verður kröfu um að dómandi við Endurupptökudóm hafi til að bera, og séu mjög vel hæfir til að gegna því embætti. Séu allir matsþættir virtir í heild er það þó álit nefndarinnar að *Eyvindur G. Gunnarsson* og *Jóhannes Karl Sveinsson* standi framar öðrum umsækjendum og eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra.

Eyvindur hefur á starfsferli sínum að mestu leyti helgað sig kennslu- og fræðistörfum og verið prófessor við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2013. Verður því einkum að líta til starfa hans á þeim vettvangi við mat á hæfni hans til að gegna embætti dómara. Í því tilliti verður að horfa til þess að eftir Eyvind liggur mikill fjöldi ritrýndra greina og rita á sviði lögfræði, þ.á m. rita sem telja verður til grundvallarrita á því sviði. Þá á hann, ásamt Jóhannesi Karli, að baki mesta stjórnarsýslureynslu umsækjenda, þ.á m. við úrlausn vandasamra mála á vettvangi sjálfstæðra úrskurðarnefnda, auk þess að hafa mesta reynslu af eiginlegum dómstörfum. Einnig

hefur hann gegnt fjölbreytilegum og umfangsmiklum aukastörfum og lokið meistaraprófi frá erlendum háskóla.

Jóhannes Karl á 26 ára feril að baki sem sjálfstætt starfandi lögmaður og stendur fremstur umsækjenda, ásamt Reimari og Stefáni Geir, að því er varðar reynslu af lögmanns- og málflutningsstörfum. Hann hefur flutt fjölda viðamikilla mála fyrir æðri dómi og fjölþjóðlegum dómi, auk þess sem honum hafa verið verið falin sérstök ábyrgðar- og trúnaðarstörf á vegum ríkisins. Þá hefur hann, ásamt Eyvindi, mesta stjórnarsýslureynslu, þ.á m. við úrlausn vandasamra mála á vettvangi sjálfstæðrar úrskurðarnefndar, auk þess sem hann hefur tekið að sér fjölbreytileg aukastörf. Þótt Jóhannes Karl hafi ekki framhaldspróf í lögfræði hefur hann með 17 ára kennslu á háskólastigi og fræðiskrifum sýnt fram á ótvíræða hæfni á fræðilegum vettvangi.


Á eftir þeim koma *Árni Vilhjálmsson, Eiríkur Elís Þorláksson, Reimar Pétursson og Stefán Geir Þórisson*. Þegar litið er heildstætt til þess sem áður greinir um einstaka matsþætti og þeirra sjónarmiða, sem rakin eru hér að framan, eru ekki efni til að greina sérstaklega á milli þeirra.

Samkvæmt öllu því, sem að framan greinir, er það niðurstaða dómnefndar að Eyvindur G. Gunnarsson og Jóhannes Karl Sveinsson séu hæfastir til að gegna embætti dómenda við Endurupptökudóm. Á eftir þeim komi, jafnt settir, Árni Vilhjálmsson, Eiríkur Elís Þorláksson, Reimar Pétursson og Stefán Geir Þórisson. Þeir fjórir eru því hæfastir til að gegna embætti varadómenda við dómstólinn.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Eyvindur G. Gunnarsson og Jóhannes Karl Sveinsson séu hæfastir til að hljóta skipun í embætti dómenda við Endurupptökudóm, sem auglýst voru laus til umsóknar 18. september 2020, og að hæfastir til að hljóta skipun í embætti varadómenda við dómstólinn séu Árni Vilhjálmsson, Eiríkur Elís Þorláksson, Reimar Pétursson og Stefán Geir Þórisson.

Reykjavík, 15. janúar 2021



Skúli Magnússon



Helgi I. Jónsson



Ari Karlsson



Halldór Halldórsson



Óskar Sigurðsson